

Ed.

## 102. Frumvarp

til laga um dánarskýrslur.

Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.

### 1. gr.

Í þeim kirkjusóknum, er læknir býr í, má prestur ekki jarðsetja lík neins manns fyr en hann hefir fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið skal læknir láta í té ókeypis, ritað á eyðublað, er landlæknir lætur gera; skal þar tilgreina nafn hins látna, lögheimili, stöðu, dauðadag, dauðaár og dauðamein.

Nú deyr maður í kirkjusókn, er læknir situr í, og ekki er auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, þá skal innan sólarhrings frá andlátinu sækja héraðslækni, eða annan löggiltan lækni, búsettan í sókninni, ef kostur er, til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Fyrir þá líkskoðun fær læknir 1 kr., auk ferðakostnaðar og dagpeninga, ef í sveit er, eftir þeim reglum, er gilda um störf héraðslækna. Skal greiða þann kostnað úr landssjóði.

### 2. gr.

Þá er prestur jarðsetur lík í kirkjusókn, þar sem enginn læknir býr, skal hann, auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardags og greftrunardags) færa í kirkjubókina dauðamein hins látna eftir þeim upplýsingum, er hann getur beztar fengið.

### 3. gr.

Stjórnarráðið lætur prestum í té eyðublöð undir dánarskýrslur. Skal semja skýrslur fyrir hvert prestakall eða hluta úr prestakalli í hverju lækni-héraði.

Þessar skýrslur skal prestur senda héraðslækni sínum ásamt dánarvottorðum, ef nokkur eru.

Héraðslæknir rannsakar skýrslurnar, að því er dauðamein snertir, og bætir úr því, er hann finnur ábótavant; skal hann því næst semja eina dánarskýrslu fyrir alt héraðið eftir tyrirmælum landlæknis og senda þá skýrslu til hans ásamt öðrum ársskýrslum, og láta fylgja skýrslu prestanna.